



## Hagvöxtur á mann dróst saman á síðasta ári


Samkvæmt bráðabirgðamati Hagstofu Íslands var umtalsvert meiri hagvöxtur á síðasta ári en spár gerðu ráð fyrir. Landsframleiðslan jókst um 4,7% á fjórða ársfjórðungi borið saman við sama tímabil árið áður, 0,4% á þriðja ársfjórðungi, 2,8% á öðrum fjórðungi en 0,4% samdráttur mældist á fyrsta fjórðungi. Yfir árið í heild mældist 1,9% hagvöxtur sem er mun meiri vöxtur en vænst hafði verið. Þrátt fyrir töluverðan hagvöxt voru umsvif í hagkerfinu engu að síður að dragast saman því þjóðarútgjöld lækkuðu um 0,1% milli ára og hagvöxtur á hvern íbúa var neikvæður um 0,3%. Hagvöxturinn á síðasta ári skýrist því fyrst og fremst af miklum samdrætti í innflutningi.

### „Falskur“ hagvöxtur á síðasta ári

Við höfum áður bent á að hagvöxtur er ekki fullkominn mælikvarða á efnahagsleg umsvif eða ganginn í atvinnulífinu. Þannig getur mælst jákvæður hagvöxtur jafnvel þó að flestir undirliðir þjóðhagsreikninga bendi til slökunar í þjóðhagsbúskapnum. Þetta á sérstaklega við þegar innflutningur dregst saman. Mikill samdráttur innflutnings hér á landi hefur sögulega séð verið mjög skýrt merki um samdrátt eða yfirvofandi niðursveiflu í hagkerfinu. Á síðasta ári dróst innflutningur saman um 9,9% og er það í fyrsta sinn síðan árið 2009 að innflutningur dregst saman. Samdráttur var öll árin 2007-2009 en þó sérstaklega mikill á árunum 2008 og 2009, þegar ríkti hér mjög kröftug og djúp niðursveifla. Innflutningur dróst einnig saman 2001 og 2002 en þá ríkti samdráttur í hagkerfinu. Það að mælst hafi töluverður hagvöxtur á síðasta ári vegna mikils samdráttar í innflutningi gefur því villandi mynd af ganginum og eftirspurn í hagkerfinu.

### Verulega hægði á einkaneyslu á síðasta ári

Vöxtur einkaneyslu nam 1% á síðasta fjórðungi ársins en vöxturinn hafði legið á bilinu 1-2,5% á fyrstu þremur fjórðungum ársins. Yfir árið í heild nam vöxtur einkaneyslu 1,6% en svo lítil hefur vöxturinn ekki mælst síðan árið 2013 þegar hann nam 0,9%.



Heimild: Hagstofa Íslands



### Mesti vöxtur samneyslu síðan 2008

Samneyslan jókst um 4,1% á síðasta ári sem er mesti vöxtur hennar frá árinu 2008 þegar hann var 5,7%. Þetta er töluvert meiri aukning en spá okkar frá því í október gerði ráð fyrir þar sem reiknað var með 3% aukningu. Nýleg spá Seðlabankans gerði ráð fyrir 2,9% vexti samneyslunnar í fyrra.

### Mesti samdráttur fjármunamyndunar síðan 2009


Fjármunamyndun dróst saman um 3% á fjórða ársfjórðungi borið saman við 3,9% vöxt á þriðja ársfjórðungi og 8% samdrátt á fyrsta ársfjórðungi. Samdráttinn á fjórða ársfjórðungi má fyrst og fremst rekja til samdráttar í fjárfestingu hins opinbera.

Heildarfjármunamyndun dróst saman um 6,3% á síðasta ári og má rekja það að stærstum hluta til samdráttar í atvinnuvegafjárfestingu en framlag hennar til heildarvaxtar fjármunamyndunar var neikvætt um 11,1%.


Atvinnuvegafjárfesting dróst saman um 17,5% milli ára og er það mesti samdráttur atvinnuvegafjárfestingar síðan árið 2009, þegar samdrátturinn nam 51,7%. Samdrátturinn skýrist af samdrætti í almennri atvinnuvegafjárfestingu og minni fjárfestingu í skipum og flugvélum. Þar vegur langþyngst sala WOW air á fjórum þotum í janúarmánuði.

Íbúðafjárfesting jókst um 31,2% á síðasta ári sem er nokkuð meiri vöxtur en að meðaltali síðustu þrjú ár þar á undan.

Fjárfesting hins opinbera nam um 102 mö.kr. í fyrra og dróst saman um 10,4% að raunvirði milli ára. Það er athyglisvert að fjárfestingarstarfsemi hins opinbera dragist þetta mikið saman á sama tíma og verulega hægir á atvinnuvegafjárfestingu.



Heimild: Hagstofa Íslands



Breyting frá sama tímabili árið áður  
Heimild: Hagstofa Íslands



### **Vöxtur þjónustuútflutnings dróst saman um 9%**

Þróun útflutnings á árinu markaðist að miklu leyti af brotthvarfi WOW air í lok marsmánaðar.

Útflutningur á síðasta ári dróst saman um 5% frá fyrra ári en leita þarf áratugi aftur í tímann til að finna viðlíka samdrátt. Samdráttinn má nær eingöngu rekja til samdráttar í þjónustuútflutningi en hann nam 9% á síðasta ári. Vöruútflutningur dróst hins vegar saman um 0,4%.

### **Hagstofan leiðrétti hagvöxtinn 2018 niður á við**

Samhliða nýjum tölum fyrir árið 2019 uppfærði Hagstofan einnig mat sitt á landsframleiðslunni fyrir árið 2018. Samkvæmt nýju mati Hagstofunnar var hagvöxturinn á árinu færður niður um heilt prósentustig, úr 4,8% í fyrra mati í 3,8% nú. Það skýrist einkum af endurmati á fjármunamyndun atvinnuveganna sem nú er gert ráð fyrir að hafi dregist saman um 11,5% á árinu í stað 4,1% í fyrra mati.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.